



Alþingi
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar.
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2020
Tilv.:2011973 / AFJ

Efni: Umsögn Samgöngustofu við frumvarp til laga um skipagjald, 313. mál

Samgöngustofa vísar til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar dags. 20. nóvember sl. þar sem óskað var umsagnar um frumvarps til laga um skipagjald, 313. mál.

Að stofni til eru ákvæði frumvarpsins afleiðing þess að setja á sérstök skipalög, sem liggja nú fyrir þinginu, 208. þingmál og eru sambærileg ákvæði í lögum um eftirlit í skipum nr.47/2003 sem ekki eru tekin upp í frumvarpi til skipalaga. Samgöngustofa gerir ekki athugasemd við þá framkvæmd sem lögin eiga að endurspegla en eins og frumvarpið er fram sett þá gætir ósamræmis við sambærileg lög sem stofnunin starfar eftir. Athugasemdir þær sem hér eru tiltekna eru því eingöngu formlegs eðlis.

Í lögum um bifreiðagjald nr. 39/1988 kveðið á um það í 6. gr. að ríkisskattstjóri fari með álagningu gjaldsins. Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er hins vegar kveðið á um að Samgöngustofa fari með álagningu skipagjalds. Að mati Samgöngustofu eru þarna á ferð eðlislík gjöld sem lögð eru á eftir eðlislíkum skráum sem stofnunin heldur. Ekki fæst séð af hvaða sökum Samgöngustofa skuli annast álagningu eins gjalds en ríkisskattstjóri annars.

Framkvæmd álagningar hefur verið sambærileg er bæði gjöld varðar þar sem ríkisskattstjóri fær gögn frá Samgöngustofu og gjaldið lagt á til samræmis við upplýsingar úr gagnagrunnum Samgöngustofu. Ekki er ætlunin að breyta þeirri framkvæmd og ekki verður séð að frumvarpið leggi það til. Þó segir í greinargerð með frumvarpinu að Samgöngustofa annist álagningu gjaldsins sem er þó ekki raunin að mati Samgöngustofu, enda kveða gildandi lög ekki á um hver annist álagningu.

Að mati Samgöngustofu hefur núverandi framkvæmd gengið vel í gegnum tíðina og fæst ekki séð að vilji sé til breytinga þar á. Það misræmi sem er milli frumvarpsins og laga um bifreiðagjald myndi valda óvissu um framkvæmd álagningar sem æskilegt væri að forðast.

Með vísan til þess sem að framan greinir telur Samgöngustofa rétt að ríkisskattstjóri annist álagningu skipagjalds, líkt og er um bifreiðagjald og að framkvæmdin verði þannig með óbreyttu sniði.

Samgöngustofa leggur því til svo gætt sé að lagasamræmis að 2. mgr. 1. gr. verði breytt þannig að ríkisskattstjóri annist álagningu skipagjalds.

Í ljósi sóttvarnaaðgerða vegna COVID-19 faraldursins er ekki unnt að koma við undirritun á bréf þetta.

Virðingarfyllt

Kristín Helga Markúsdóttir
deildarstjóri lögfræðideildar

Aron Freyr Jóhannsson
lögfræðingur